

September 2020



Kortlagning á danska nýsköpunar- umhverfinu

Útgefandi:

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

September 2020

copenhagen@utn.is

www.utn.is/kaupmannahofn

Efnisyfirlit

1. Skráning og stofnun fyrirtækis í Danmörku	4
2. Þjónusta við atvinnulífið hjá sveitarfélögum	6
3. Þjónusta við sprotafyrirtæki hjá sveitarfélögum.....	7
4. Svæðisbundin Væksthuse eða ráðgjafahús/ ráðgjafaeiningar	8
5. Forskerparker - vísindaklasar	9
6. Frumkvöðlasetur	10
7. Vísinda og klasastarfsemi	11
8. Ráðgjöf um fjármögnun	13
9. Einkareknir sjóðir sem að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins.....	15
10. Opinberir sjóðir.....	16
11. Tengslanet viðskiptaengla í DK	17
12. Venture Capital - Framtaksfjármögnun	18
13. Crowdfunding - Hópfjármögnun	19
14. Viðskiptahraðlar	20
15. Nýsköpunarviðburðir og frumkvöðlakeppnir	21

1. Skráning og stofnun fyrirtækis í Danmörku

Þegar skrá á fyrirtæki þá er einfaldast að nota net-sjálfsafgreiðsluna hjá virk.dk. Fyrst þarf að velja rekstrarform fyrirtækisins en hægt að finna ítarlegar upplýsingar varðandi hvert og eitt rekstrarform, þ.á.m. lágmarkshlutfé við stofnun, skráningargjöld og aðrar reglur, t.d. varðandi skatta.

Í kjölfarið á skráningunni er fyrirtækinu úthlutað CVR númeri. Athugið til þess að geta skráð fyrirtæki í Danmörku þarf stofnandi að vera með danska kennitölu og aðgang að Nem-ID.

Nem-ID er rafræn skráning sem gerir fyrirtækinu kleift að vera í rafrænum samskiptum við hið opinbera.

Á þessari slóð má finna allar upplýsingar um stofnun fyrirtækis í Danmörku á ensku:
<https://www.workindenmark.dk/Working-in-DK/Start-your-own-business>

Þegar kemur að sköttum og gjöldum þarf að skrá fyrirtækið sérstaklega með tilliti til eftirtalinna atriða:

- a) virðisaukaskatti
- b) tryggingargjaldi
- c) tollum
- d) innflutnings/útflutningsaðilum ef fyrirtæki á viðskipti utan Evrópska efnahagsvæðisins
- e) A-skatti, ef fyrirtækið er með starfsmenn á launum

Frekari upplýsingar um skatta og gjöld fyrir fyrirtæki má finna á þessum hlekk frá danska skattinum: <http://www.skat.dk/skat.aspx?oid=2662>

Annar möguleiki við stofnun fyrirtækis, þ.e. ef fyrirtækið hefur verið stofnað á Íslandi er að stofna útibú í Danmörku sem er rekið sem hluti af íslensku fyrirtæki. Útibúið í Danmörku myndi þá ekki hafa eigið hlutfé og fyrirtækið á Íslandi bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins í Danmörku.

Til að stofna útibú þarf að skrá það hjá "Erhvervsstyrelsen."

Ásamt formlegri tilkynningu þarf að fylgja:

- a) Formleg sönnun um að fyrirtækið sé til löglega í heimalandinu
- b) Skjöl varðandi hver hefur heimild til að undirrita samninga í heimafyrirtækinu
- c) Samþykktir um að útibúið tilheyrir þessu tiltekna heimafyrirtæki.
- d) Öll stofngögn heimafyrirtækisins

e) Einn millilið í Danmörku (sk. yfirmann útibúsins)

Á útibúinu hvílir sú skylda að skila inn ársskýrslum móðurfélagsins á Íslandi til Erhvervsstyrelsen, öllum breytingum á uppbyggingu og stofngögnum móðurfélagsins og tilkynningum innan tveggja vikna ef móðurfélagið er lýst gjaldþrota eða sameinast öðru fyrirtæki eða annað slíkt.

Vert er að benda á að það getur verið þrautinni þyngra að stofan bankareikning sem útlendingur í Danmörku og er því mjög gott að hafa samband við bankann með góðum fyrirvara.

Gagnlegar slóðir við stofnun fyrirtækis í DK:

https://www.virk.dk	- Skráning fyrirtækis og öflun CVR númers
https://www.nemid.nu/dk-da/	- Uppsetning NemID
http://www.nemkonto.dk	- Uppsetning Nemkonto fyrir fyrirtæki
http://skat.dk	- Skatturinn
www.startvaekst.virk.dk	- Leiðbeiningar við stofnun sprotafyrirtækja
www.hurtigfaktura.dk	- Frí reikningsþjónusta á netinu
www.startupsvar.dk	- 100 algengar spurningar við stofnun sprotafyrirtækis
https://dinero.dk	Bókhaldsþjónusta á netinu
https://www.economic.dk/regnskabsprogram	Bókhaldsþjónusta á netinu

2. Þjónusta við atvinnulífið hjá sveitarfélögum

Sveitarfélögin bjóða upp þjónustu við atvinnulífið (Den Kommunale erhvervsservice). Tilgangurinn er að tryggja upplýsingar og hæfa leiðsögn til allra atvinnurekanda og fyrirtækja. Kjarnaþjónustan er t.a.m. leiðsögn í lausn á algengum vandamálum þegar kemur að stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja. Þessi stuðningur getur verið veittur t.a.m. í formi upplýsingafunda, vinnustofa, ráðgjafar, sem og með vísun til annara sérfræðinga eða einkafyrirtækja í ráðgjöf.

Þessa þjónustu er oftast að finna undir leitarorðinu „Iværksætterhuset“ á heimasíðu hvers sveitafélags fyrir sig. Eða þá undir leitarorðinu Startupkonsulent, en hvert og eitt sveitarfélag er með slíkan aðila/ráðgjafa starfandi innan sinna veggja.

3. Þjónusta við sprotafyrirtæki hjá sveitarfélögum

Flestöll sveitarfélög á stór-Kaupmannahafnarsvæðin (Region Hovedstaden) eru með sérstaka skrifstofu/deild sem sér um samskipti við atvinnulífið. Umfang og dýpt þjónustunnar í boði er misjafnt eftir sveitarfélögum en sum veita mikla þjónustu til sprotafyrirtækja, eins og t.a.m. aðstoð við viðburði, ráðgjöf, sem og öflun tengslanets.

Hægt er að finna þessar skrifstofur á heimasíðum sveitafélaganna undir leitarorðinu. „Erhvervskontor, erhvervskonsulent, erhvervsservice, eða business“.

Slíkar þjónustur má einnig finna í dreifbýlinu undir sömu leitarskilyrðum. Má þar nefna Business Lolland-Falster, Sorø Erhverv, Odense Erhverv, Business Aalborg, o.s.frv.

4. Svæðisbundin Væksthuse eða ráðgjafahús/ ráðgjafaeyningar

Danmörku er skipt upp í 5 svæði/landshluta (Regioner) og hvert þeirra starfrækir eigin s.k. ráðgjafahús.

- Væksthus Hovedstadregionen - Höfuðborgarsvæðið
- Væksthus Sjælland - Sjáland
- Væksthus Nordjylland - Norður Jótland
- Væksthus Midtjylland - Mið-Jótland
- Væksthus Syddanmark - Suður Danmörk

Þessar stofnanir bjóða upp á sérhæfða þjónustu fyrir atvinnulífið ætluð fyrirtækjum sem eru hvorutveggja í upphafsfasa sem og lengra á veg komin. Þessi þjónusta byggir ofan á þá fríu viðskiptaþjónustu sem sveitarfélögin bjóða upp á. Þessar ráðgjafaeyningar geta t.a.m. veitt ráðgjöf við gerð viðskiptaáætlana eða við mörkun stefnu sem og gerð fjárhagsáætlana. Þau geta aðstoðað við sölu og markaðssetningu, útflutning, hættustjórnun og sókn á erlenda markaði. Einnig geta þau veitt ráðgjöf við tæknileg atriði sem oft eiga sér stað hjá nýsköpunarfyrirtækjum eins og t.a.m CE gæðamerkingar og önnur slík regluverk.

5. Forskerparker - vísindaklasar

Vísindaklasar hafa það að markmiði að aðstoða við stofnun og vöxt fyrirtækja með því að miðla niðurstöðum rannsókna eða viðeigandi þekkingu frá menntastofnunum. Vísindagarðar eru því oftast staðsettir í nágrenni við háskóla og hýsa gjarnan hátækni og þekkingardrífir fyrirtæki. Vísindagarðar eru allir meðlimir í FOIN (samtökum nýsköpunarsjóða í DK).

Symbion Science Park 250 nýsköpunarfyrirtæki www.symbion.dk

Copenhagen Bio Science Park Áhersla á biotech, www.cobis.dk
medico og pharma

Agro Business Park Áhersla á landbúnað, www.agropark.dk
matvæli, bio, og
umhverfi

INCUBA 120 - Árósum www.incuba.dk

NOVI Forskerpark 100 hátæknifyrirtæki í www.novi.dk
Álaborg

DTU - Sciencepark Áhersla á medico, www.sciondtu.dk
cleantech, biotech og IT

Syddanske Forskerparker Odense – velfærds og www.syddanskeforskerparker.dk
robotech

6. Frumkvöðlasetur

Það eru skilgreind 22 frumkvöðlasetur á sviði nýsköpunar í Danmörku. Tilgangur þessara frumkvöðlasetra er að yta undir nýsköpun og vöxt í samstarfi milli vísindamanna, fyrirtækja og opinberra aðila. Tengslanetin er að finna í þeim geirum sem Danir leggja áherslu á í alþjóðasamhengi og hafa í mörgum tilvikum skapað sér sérstöðu. Hér má t.a.m. nefna í tölvu og tæknimálum, orkumálum, umhverfismálum, samgöngumálum, heilbrigðismálum, matvælaframleiðslu og hönnun. Frumkvöðlasetrin skapa ramma utan um viðburði og verkefni sem geta veitt vísindamönnum og fyrirtækjum innblástur um nýja strauma og stefnur eða tækninýjungar. Einnig eiga þau að veita umhverfi þar hægt er að prófa hugmyndir og skapa samstarf jafnt innan Danmerkur sem utan.

Hér er upptalning á nokkrum frumkvöðlasetrum í Danmörku og gefur nafnið oftast til kynna, hvert er áherslusvið hvers seturs.

- Innovationsnetværket for Produktion
- Innovationsnetværket Livsstil, Bolig og Beklædning
- Innovationsnetværket RoboCluster
- Innovationsnetværket Dansk Lyd
- Innovationsnetværket Dansk Lys
- Innovationsnetværket Offshoreenergy.dk
- Innovationsnetværket for Biomasse
- Innovationsnetværket for Smart Energi
- Innovationsnetværket for Miljøteknologi
- Innovationsnetværket for Klimatilpassning
- Innovationsnetværket for Biosundhed
- Innovationsnetværket for Sundhed og Velfærdsteknologi
- Innovationsnetværket for Medicoteknologi
- Fødevaresektorens Innovationsnetværk
- Innovationsnetværket for energieffektivt og bæredygtigt byggeri
- Innovationsnetværk for IT
- Transportens Innovationsnetværk
- Innovationsnetværk Service Platform
- Innovationsnetværk for Videnbaseret Oplevelsesøkonomi
- Innovationsnetværk Brandbase
- Innovationsnetværket for Finans IT
- Dansk Materiale Netværk

7. Vísinda og klasastarfsemi

Fyrir utan frumkvöðlasetrin hér að ofan, má einnig finna röð svokallaðra fræðslu og klasamiðstöðva. Klasamiðstöðvarnar gefa sprotafyrirtækjum aðgang að fræðslu og fólki sem aðstoða við að styrkja sprotafyrirtækin sem og hjálpa við að finna fjármögnun til verkefna. [Cluster Excellence Denmark](#) heldur utan um þessa aðila.

Dæmi um fræðslu og klasamiðstöðvar í Danmörku:

- Arctic Business Network - Tengslanet fyrir ft. á Norðurskautssvæðinu.
- Copenhagen Healthtech Cluster - Health Tech klasi.
- SMARTLOG - Tengslanet fyrir norður-jósk ft. í logistik bransanum.
- BioMed Community - Líftækni N-Danmark.
- Hub North - Norður Jótland.
- CLEAN - loftlagsmál og grænar lausnir.
- DAMRC - R&D í framleiðslu og nýjum lausnum.
- Manufacturing Academy of DK - Net til að efla framleiðslu í rannsóknum og nýsköpun.
- Design2Innovate - Klasi fyrir hönnun og skapandi greinar.
- Plastnet - tengslanet fyrir plast og polymere.
- Staalcentrum - Tengslanet fyrir véla og matvinnsluvélabransann.
- Danish Water Forum - Vinnur við að styrkja stöðu DK á alþjóðlega vatnskortinu.
- Gate 21 – Porten til græn vaxst - Klasi fyrir þá sem vinna við grænar lausnir.
- Medicon Valley Alliance - Tengslanet fyrir dansk- sænska life science Medicon Valley.
- Medtech Innovation Consortium - samstarfsaðilar í heilsutæknigeiranum.
- Patient@home
- Danish Food Cluster - Tengslanet fyrir matvælabransann.
- Future Food Innovation - Hvati fyrir nýsköpun í matvælabransanum.
- InSPIRe Food - Off/privat stefnumótun fyrir nýsköpun í matvælaíðnaðinum.
- Videntcenter for Fødevarerudvikling - Áhersla á matvælaframleiðslu, - þróun og nýsköpun innan gelrans.
- Animation Hub – Tengslanet innan teiknimyndageirans.
- IT Forum - Tengslanet innan tölvu og tæknigeirans.
- Green Ship of the Future - fræðslu og vísindasetur með áherslu á grænar lausnir í siglingum.

- MARCOD - fræðslu og vísindasetur með áherslu á sjávarafurðir og sjávarhengdum iðnaði.
- Interactive Denmark - Tengslanet innan tölvuleikjabransans.
- BioValue - Þróun á vörum úr plöntu og biomassa.
- Access2Innovation - Áhersla á nýsköpunarhjálp til þróunarlanda.
- SoundHub- Klasi fyrir fyrirtæki sem að vinna með hljóðtækni. Staðsett í Struer í húsnæði Bang & Olufsen.

8. Ráðgjöf um fjármögnun

Það getur verið mjög flókið mál að setja sig inn í allar þær fjáröflunarleiðir sem finnast. Margir velja því að vinna með ráðgjafafyrirtækjum, sem geta aðstoðað við allt frá hugmyndavinnslu, kortlagningu á sjóðum, stofnun samvinnu, útfyllingum á umsóknum og við verkefnastjórnun. Einnig eru til rafrænir gagnagrunnar sem hjálpa sprotafyrirtækjum að geta sjálfir leitað að viðeigandi sjóðum og fjárframlögum. Þar að auki geta dönsk fyrirtæki, án nokkurs kostnaðar, nýtt sér mismunandi ráðgjafarmöguleika hjá evrópskum sjóðum. T.a.m. kortlagningu, leit að samtarfsaðilum, og þar geta þeir einnig sótt um í hina ýmsu evrópska styrktar sjóði.

Ráðgjöf um fjármögnun:

- Innovayt - Hafa mikla reynslu þegar kemur að dönskum og evrópskum styrkjum.
- Teknologiuðvikling - Ráðgjöf um umsóknir á opinberum styrkjum.
- 1st Mile - Aðstoð við leit af fjármögnun.
- SMV Innovation Sjælland - Ráðgjöf án endurgjalds frá Capnova ætluð fyrirtækjum á Sjálandi.
- Insero - Hafa mikla reynslu af fjármögnun innan Orku og IKT geirans.
- Fundraiseren – Fjármögnun.
- UpFrontEurope - Umsóknir um styrktarþrógrömm sem og aðstoð við að halda vinnustofur.
- Projekter.nu - Áherslu á samfélagsleg ft.
- Forretningsudvikling.org - Bjóða uppá aðstoð við verkefnaþróun og námskeið í fjármögnun.
- Nordic Innovators - Ráðgjafafyrirtæki m/sérhæfingu í alþjóðlegum og evrópskum styrkjum.
- Gate2growth - Ráðgjöf við umsóknir og fjármögnun.

Rafrænir gagnagrunnar:

- Fonde.dk
- Vækstguiden
- Innovationsradar
- Teknologiuðvikling
- Ecoinnovation
- Tilskudsbasen
- AktivFundraising
- Kulturens kontanter
- Regional udvikling
- Erhvervsdrivende fonde

Ráðgjöf - EU styrkir

- EU-DK Support
- Enterprise Europe Network
- EUopSTART
- North Denmark EU Office
- Central Denmark EU Office
- South Denmark European Office
- Captial Region Denmark EU Office
- Zealand Denmark EU Office
- INBUDE – landi okkar Björg Birkholm Magnúsdóttir – sérstök áhersla á lítil fyrirtæki í DK Færeyjum og á Grænlandi.

9. Einkareknir sjóðir sem að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins

Í Danmörku eru yfir þúsund slíkir sjóðir. Hver og einn sjóður með mismunandi áherslur, úthlutunarflokka, umsóknarfresti, umsóknarferli o.s.frv. Margir af þessum sjóðum fjármagna nýsköpunarfyrirtæki og sprotafyrirtæki sem og rannsóknir. Heildarlista yfir styrktar sjóði í Danmörku má finna á heimasíðu danska viðskiptaráðsins, Erhvervsstyrelsen. Hér að neðan eru nokkrir taldir upp, skipt niður í þrjá mismunandi flokka.

Helstu nýsköpunarsjóðir:

- Industriens Fond
- Otto Bruuns Fond
- Miljø og Energy fonden
- Karl Pedersen og Hustrus Fond
- Alexander Foss' industrifond

Helstu rannsóknarsjóðir:

- Novo nordisk Fonden
- Carlsberg fonden
- Velux Fonden
- Fabrikant Mads Clausens Fond
- Lundbeck Fonden – bjóða uppá sérstaka styrki í kjölfarið á Covid – 19.

Helstu sjóðir er stuðla að því að styrkja samfélagsmiðuð og menningartengd verkefni:

- A.P. Möller Fonden
- Trygfonden
- Realdania
- Kraks Fond
- Tuborg fondet
- Egmond Fonden
- Augustinusfonden

10. Opinberir sjóðir

Til viðbótar við ofangreinda einkarekna sjóði, geta dönsk fyrirtæki leitað á náðir ótalmargra opinberra styrkja og sjóða. Einnig áðurnefndra evrópskra sjóða.

Nokkur dæmi:

- [Innovationsfonden](#) - mjög öflugur sjóður sem starfar svipað og Tækniþróunarsjóður á Íslandi. Styrkir fyrir 2 millj danskra á ári.
- [Bæredygtig Bundlinje](#)
- [HORIZON 2020](#)
- [Nordic Innovation](#)

11. Tengslanet viðskiptaengla í DK

Svokallaðir viðskiptaenglar er samansafn einkafjárfesta, sem starfa einir eða í samstarfi við aðra fjárfesta og leggja til stofnfé til nýstofnaðra sprotafyrirtækja. Englarnir gegna mikilvægu hlutverki í hverju sprotasamfélagi, en auk fjármagns koma þeir einnig með ákveðna þekkingu að borðinu og geta þannig aðstoðað fyrirtækin sem þeir fjárfesta í á fjölbreyttan hátt. T.a.m. með því að aðstoða í sölu og markaðsmálum.

Nokkur dæmi:

- [DanBan](#) – Danish Business Angels Network – net viðskiptaengla og einkafjárfesta sem mynda með sér samstarfsverkefni.
- [ByFounders](#) - viðskiptaenglar með fókus á norðurlöndin.
- [Business Angel Copenhagen](#) – Síða þar sem að þú getur fengið svör við spurningum um fjármögnum frá viðskiptaenglum í DK.
- [Business Angels Syddanmark](#) - Hópur einkafjárfesta og fjölskyldusjóða í Danmörku. Fjárfesta fyrir um 2 milljónir danskra króna árlega.
- [Investor Fight Club](#) - Hópur 20 viðskiptaengla á Árórsarsvæðinu sem styrkja lítil sprotafyrirtæki.
- [Keystones](#) - ein stærstu samtök viðskiptaengla í DK.
- [Seier Kaptial](#) - Sjóður í eigu Lars Seier Christensen.

12. Venture Capital - Framtaksfjármögnun

Stærri fjárfestingasjóðir sem að eru viljugir til að áhættufjárfesta í sprotafyrirtækjum. Oft eru um tæknifyrirtæki að ræða sem að þurfa snemma í ferli fyrirtækisins á fjármagni að halda til þess að framleiða, þróa viðkomandi vöru.

- [Vækstfonden](#) - Svipað og nýsköpunarsjóður á Íslandi þeir eru tvær einingar VF Venture sem virkar eins og hver annar venture sjóður og síðan Early Engagement sem fjárfesta á upphafsstigum sprotafyrirtækis.
- [Accelerace invest](#): Þeir halda viðskiptahraðla og fjárfesta svo í sprotafyrirtækjum úr þeirra prógrammi.
- [Seed Capital](#): Eitt stærsta áhættufjárfestafyrirtæki fyrir sprotafyrirtæki í DK í dag.
- [dvca](#): Er samband Venture og kaptitalfonde, einnig viðskiptaengla.
- [Leo Ventures](#) Áhersla á digital health tech sprotafyrirtæki.
- [1st Move](#) Allt að 250.000 DKK í cleantech sprotum.
- [Den Sociale Kapitalfond](#) fjármagn og hraðall fyrir sprotafyrirtæki með áherslu á umhverfis- og samfélagslegar lausnir.
- [Welfare Tech Invest](#) Fjárfesta í heilsutæknigeiranum.
- [Agro Business Innovation](#) Fjárfesta í matvæla, bioenergi og umhverfissprotum.
- [Vecata Invest](#) Ekki með sérstakan fókus, styrkja í öllum brönsum.
- [North East Venture](#) Alþjóðlegur sjóður sem styrkir alla bransa.
- [Northzone Ventures](#) Alþjóðlegur sjóður sem styrkir alla bransa.
- [Sunstone Life Science Ventures](#) Life science therapeutics innovations.
- [Novoholdings](#) Áhersla á líftækni.
- [Lundbeckfond Ventures](#) Áhersla á líftækni.
- [Nordic Venture Network](#) Hópur norræna einkafjárfesta / leading Technology Venture Capital firms in the Nordic region.
- [DVCA](#) Regnhlífasamtök fyrir stærri fjárfestingasjóði sem og viðskiptaengla í Danmörku.
- [PreSeed Ventures](#) sprotafjárfestar.
- [HeartCore Captial](#)
- [ByFounders](#) – eru tengdir Crowberry.

13. Crowdfunding - Hópfjármögnun

Hópfjármögnun er óhefðbundin fjármögnun að því leyti að hún veitir aðilum tækifæri til að nálgast hóp fjárfesta án milligöngu fjármálastofnana. Þannig geta margir lagt sig saman um að fjármagna verkefni, vöru eða sprotafyrirtæki með oft minni upphæð. Hópfjármögnun skiptist í fjóra flokka. Donationsbaseret (hópfjármögnun með framlögum), rewardbaseret (umbunarhópfjármögnun), lánebaseret og aktiebaseret (lána og fjárfestingatengda fjármögnun). [Danski Crowdfunding Forening](#) eru samtök yfir 1500 hópfjármögunarmeðlima sem að stuðla að skilningi og útbreiðslu hinna 4 mismunandi flokka hópfjármögnunar í Danmörku.

Í Danmörku

- [Boomerang](#) - Umbunarfjármögnun.
- [Crowdswhocare](#) - Umbunarhópfjármögnun.
- [Lendino](#) - lána og fjárfestingatengd fjármögnun.
- [Flex Funding](#) - lána og fjárfestingatengd fjármögnun.
- [Crowd Invest](#) - Fjárfestingatengd fjármögnun.

Alþjóðleg hópfjármögnunartæki

- [Kickstarter](#) - Umbunarhópfjármögnun.
- [Indiegogo](#) - Umbunarhópfjármögnun.
- [Ulule](#) - Umbunarhópfjármögnun.

14. Viðskiptahraðlar

Viðskiptahraðlar eru sérhönnuð námskeið sem miðla að því að efla og þróa ný sprotafyrirtæki. Skráning í slíkan hraðal getur verið ókeypis, gegn greiðslu eða gegn greiðslu eignarhluta í fyrirtækinu. Sprotafyrirtækið fær að launum á tímabilinu, ráðgjöf, tengslanet, vinnuástöðu, og jafnvel tilraunaástöðu. Þau geta jafnframt fengið ráðgjöf og aðstoð frá reyndum sérfræðingum, fjárfestum og frumkvöðlum úr atvinnulífinu á meðan hraðalinum stendur. Að lokum er svo oft haldin uppskerudagur þar sem teymin fá tækifæri til þess að kynna hugmyndir sínar fyrir fjárfestum og öðru áhrifafólki úr atvinnulífinu. Viðskiptahraðlar hafa oftast áherslu á einn sérstakan geira, t.a.m. landbúnað, sjávarútveg, græna orku o.s.frv.

Viðskiptahraðlar í DK:

- [Accelerace](#) – Einn stærsti og virtasti viðskiptahraðall í DK. Þeir fjárfesta fyrir allt að 750.000 DKK í einstaka sprotafyrirtækjum.
- [Danish Tech Challenge](#) - tæknihraðall sem er rekinn undir, en samt ekki eingöngu fyrir fyrirtæki frá DTU.
- [Helth Tech Nordic](#)
- [Nordic innovation](#)
- [SCALEit](#) - Danska utanríkisþjónustan býður uppá 4 vikna viðskiptahraðal í Silicon Valley fyrir dönsk ft.
- [Venture Cup Startup Booster](#) - Samtök allra háskóla í DK til þess að hjálpa frumkvöðlum að komast áfram, m.a. með viðskiptahröðlum og keppnum í nýsköpun.
- [Next Step Challenge](#)
- [Startupbootcamp](#)

15. Nýsköpunarviðburðir og frumkvöðlakeppnir

Mikið magn er af nýsköpunarviðburðum í Danmörku. Sumir eru haldnir árlega meðan aðrir eru haldnir í eitt skipti þá með sérstaka áherslu á að deila reynslu innan sérstakra sviða, eða til tengslamyndunar. Aðrir ganga út á að s.k. pitch þar sem sprotafyrirtækin læra að selja sig til mögulegra fjárfesta eða geta fengið að launum aðgöngumiða á viðskiptahraðla. Svona viðburðir eru mjög vel til þess fallnir að efla tengslanet, þróa hugmyndir eða hitta aðra frumkvöðla. Hátíðirnar geta verið mjög mikilvægur stökkpallur fyrir íslensk fyrirtæki sem ætla sér á alþjóðamarkað.

Einnig eru til s.k. casekonkurrensur, en það gengur útá það að ákveðið vandamál er búið til af fyrirtæki, samtökum eða jafnvel bæjarfélagi. Síðan þurfa þátttakendur að leysa vandamálið innan þar til gerðra ramma.

Nýsköpunarviðburðir í DK:

[TechBBQ](#) - Stærsti alþjóðlega sprotu- og nýsköpunarhátíð sem haldin er árlega í Kaupmannahöfn síðan 2013. Hefur vaxið ört úr 300 manna viðburði yfir í að verða stærsta hátíð sinnar tegundar á Norðurlöndunum með um 8000 þátttakendur, þar af rúmlega 1000 alþjóðlega fjárfesta. Hátíðin er ekki rekin í hagnaðarskyni og meginmarkmiðið er að styðja við nýsköpun og skapa vettvang fyrir sprotafyrirtæki til vaxtar. Hátíðin hentar íslenskum fyrirtækjum vel þar sem áhersla er á að Tech BBQ sé norræn nýsköpunarhátíð og eru skipuleggjendur áhugasamir um að tryggja góða þátttöku frá öllum Norðurlöndunum.

[Creative Business Cup](#) er árleg alþjóðleg frumkvöðlakeppni sem haldin er í Kaupmannahöfn. Auk þess sem keppt er til verðlauna, styður hátíðin við frumkvöðla í skapandi greinum, hjálpar þeim að vaxa, tengjast alþjóðlegum fjárfestum, sérfræðingum og mörkuðum. Skilyrði fyrir þátttöku eru að viðskiptahugmyndin hafi sterka tengingu við skapandi greinar, hafi nýsköpunargildi og markaðsmöguleika. Þá verður a.m.k. einn einstaklingur frá hverju liði að hafa menntun eða bakgrunn í skapandi greinum.

[GEW](#) Danska frumkvöðlavikan er haldin í nóvember ár hvert, og í ár mun hún vera haldin í 12 sinn. Yfir 200 viðburðir voru haldnir í fyrra með um 25.000 þátttakendum. Vikan er haldin með stuðningi frá danska viðskiptaráðinu (Erhvervsstyrelsen) og er í raun hluti af alþjóðlegum samtökum sem halda slíkar vikur í yfir 170 löndum. Samtökin voru upphaflega sett á laggirnar af bandarísku samtökunum Kauffman Foundation sem styðja við frumkvöðla og sprotafyrirtæki á alþjóðlega vísu.

[Iværk og Vækst](#) Er stærsti innblástursvettvangur í Danmörku fyrir stofnendur fyrirtækja. Þetta er eins dag tengslamyndunarviðburður þar sem hægt er að komast í samband við þekkingu, hugsanlega viðskiptavini og fjárfesta.

[Startup Borgen](#) Ár hvert er haldin frumkvöðlakeppni í Christansborg þar sem valin sprotafyrirtæki geta tekið þátt. Keppnin er þó pólitískt óháð, þrátt fyrir að vera haldin í húsnæði danska þingsins. Vinningshafinn fær síðan sérsníðið viðskiptahraðalsferli þar sem hann er tengdur við viðskiptaengla og aðra mikilvæga aðila til þess að geta komist á næsta stig.

[Startup Europe Week](#)

[NOME](#) - Árlegur viðburður með áherslu á norræna líftæknibransann.

[High Tech Summit](#) Viðburður sem er rekinn og haldin af DTU í þeirra húsnæði. Fyrst og fremst fyrir þeirra eigin verkefni en þeir bjóða þó utanaðkomandi fyrirtækjum að taka þátt.

